

Miðvikudaginn 9. apríl 1924.

Nr. 30/1924.

**Elías Jónsson**

(Björn P. Kalman)

gegn

**Guðrúnu Ottósdóttur og gagnsök**

(Guðm. Ólafsson).

**Barnsfaðernismál.**

Dómur lögreglurjettar Strandasýslu 2. mars 1923: Svo framarlega, sem barnsmóðirin, Guðrún Ottósdóttir, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún á tímabilinu frá 26. desember 1921 til 15. mars 1922, hafi ekki haft holdlegt samræði við neinn annan karlmann, en hinn lýsta barnsföður Elías Jónsson, verður að líta svo á, að hann sje faðir að barni því er kærandi ól 9. nóvbr. 1922 og dó óskirt 14. s. m., og skal hann þá skyldur til að greiða kæranda barnsfararkostnað, að sínum parti, lögum samkvæmt, og meðgjöf með barninu, frá fæðingu til dánardægurs, eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur til að greiða, allan af máli þessu, löglega leiðandi kostnað.

En treysti aftur á móti barnsmóðirin sjer ekki til, að vinna svofeldan eið, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli, og greiðist þá málskostnaður af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

### **Dómur hæstarjettar.**

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hendi beggja aðila og hefir gagnáfrýjandi fengið gjafvarnar og gjafsóknarleyfi og skipaðan málfutningsmann og gagnáfrýjað málinu, samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 12. janúar þ. á., með stefnu dags. 16. s. m.

Það er upplýst í málinu að aðilar sváfu ein tvö í sama herbergi á þeim tíma, er líklegt má telja, að barn það, er gagnáfrýjandi ól 9. nóvember 1922, hafi verið getið. Þetta atriði ásamt því að gagn-

áfrýjandi hefir, bæði áður en barnið fæddist og eftir, jafnan haldið því fram, að aðaláfrýjandi væri faðir að því, þykir veita þær líkur fyrir faðernislýsingu gagnáfrýjanda, að rjett sje, eins og ákveðið var í lögreglurjettardóminum, að láta úrslit málsins vera komin undir eiði hennar, þó þannig að eiðfresturinn verði 3 mánuðir frá uppsögn þessa dóms og að eiðstafurinn verði samkvæmt fyrirmælum 16. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, og að upphaf tímabils þess, er eiðurinn á að taka til, verði ákveðið 1. janúar 1922 í samræmi við framburð gagnáfrýjanda. Vinni gagnáfrýjandi eiðinn skal aðaláfrýjandi teljast faðir að stúlkubarni því, er gagnáfrýjandi ól 9. nóvember 1922 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað fyrir undirjetti og hæstarjetti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda er ákveðst 80 krónur.

Verði gagnáfrýjanda hinsvegar eiðfall á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfu hennar og greiði hún þá aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 150 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, 80 kr., af almannafje.

Það er aðfinsluvert við meðferð málsins í hjeraði, að fullnægjufrestur lögreglurjettardómsins er ranglega ákveðinn 15 dagar.

Það athugast enn fremur, að aðaláfrýjunarstefnan í máli þessu er dags. 12. apríl f. á., en dráttur sá, sem orðið hefir á málinu, þykir hafa verið nægilega rjettlættur í málsfærslunni.

Því dæmist rjett vera:

Ef gagnáfrýjandi, Guðrún Ottósdóttir, innan þriggja mánaða frá uppsögn þessa dóms, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að aðaláfrýjandi, Elías Jónsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1. janúar til 15. mars 1922, skal aðaláfrýjandi teljast faðir að stúlkubarni því, er gagnáfrýjandi ól 9. nóvember 1922, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og að greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið væri ekki gjaf-sóknarmál, þar á meðal málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 80 krónur.

Verði gagnáfrýjanda aftur á móti eiðfall skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar og ber gagnáfrýjanda þá að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 krónum. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, 80 kr., af almannafje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað eftir kröfu ógiftrar stúlku, Guðrúnar Ottósdóttur vinnukonu á Ytra-Ósi í Hrófbergshreppi, samkvæmt kæru dags. 29. jan. þ. á., rjettarskjal nr. 1, gegn Elíasi Jónssyni, nú lausamanni á Innra-Ósi í sama hreppi, en sem veturinn 1921 til 1922, var stúlkunni samtíða, þá vetrarmaður á Ytra-Ósi.

Stúlkun heldur því fram í kærinni og jafnan síðan, við öll próf í málinu, að tjeður Elías, sje faðir barns þess er hún ól 9. nóvember síðastliðinn, og að hvorki sjá eða geti verið um annan föður að barni sínu að ræða, þar sem hún aldrei hafi haft holdleg afskipti af neinum öðrum, en segist hafa haft holdlegar samfarir við hann oft á tímabilinu, frá því laust eftir nýár 1922 og fram til 27. mars s. á. og hefir í framburði sínum, sjerstaklega stað- og stundfest samfarirnar í þrjú skifti, en segir þær þess utan oft hafa átt sjer stað, og segir ennfremur frá mörgum atvikum, milli sín og Elíasar, sumarið 1922, sem sprottið hafi af þessum viðskiftum þeirra um veturinn, og því ástandi hennar, að hún var ekki einsömul.

Elías aftur á móti synjar með öllu fyrir faðerni barnsins og það blátt áfram af þeirri ástæðu, að hann hafi aldrei komið nálægt kæranda til þeirra hluta, og segir allar sögur hennar hjer að lútandi lygi og tóman uppspuna, án þess þó að hann treysti sjer til að benda á neinn, sem honum þyki líklegur til að vera faðir barnsins, nema með dylgjum einum, sem ekkert mark virðist á takandi og hann jafnvel tekur aftur í öðru orðinu.

Þegar litið er yfir málið í heild sinni, virðist alt sem fram hefir komið hniga í þá átt að sanna sögu stúlkunnar, bæði allur vitnaframburður, sem til hefir náðst og framburður hennar sjálfrar, altaf sjálfum sjer samkvæmur, bæði fyrir rjettinum og eins utan rjettar, frá því í fyrra sumar, að fyrst fór að brydda á ástandi hennar, og fram til loka rjettarprófanna, segir stúlkun svo ítarlega frá nokkrum atvikum, um viðskifti þeirra Elíasar, bæði áður en hún vissi af ástandi sínu og eins eftir að hún vissi það, að það virðist frágangssök að lita á þau, sem lygi og uppspuna, jafnvel undir öllum kringumstæðum, en ekki síst þegar þess er gætt, að hjer á hlut að máli, að dómi allra, sem til þekkja, sannorð en fremur veigalítil og treggáfuð stúlka, sem ekki að dómi þessara manna mundi hafa vitsmuni eða þrek, til að halda fram óönnnum framburði og lognum sögum, við löng og erfið próf, þannig að ekki bryddi á mótsögnum, og virtist bæði framburður

og framkoma stúlkunnar, þegar þau Elías voru prófuð saman í rjettinum, bera öll sannleikans einkenni.

Aftur á móti virðist neitun Elíasar, á því, að hafa haft nokkur líkamleg afskipti af stúlkunni, þó hún sje bæði stórorð og eindregin, fábreytt og tómhljóðleg, skorta hljómgrunn sannleikans, og virðist í sjálfu sjer enginn sannfærandi kraftur fölginn í bláberri neitun og kröfu um sannanir í svona máli, og í gálauslegu framboði eiðs síns, og beint tortryggilegt virðist það atriði, að hann grunar ástand stúlkunnar, nálega mánuði á undan öllu öðru heimilisfólki.

Það hefir ekki tekist að leiða fullgildar sannanir fyrir holdlegu samræði milli Elíasar og kæranda á fyrgreindu tímabili og verður hann því ekki beint dæmdur faðir að barni kæranda, en á hinn bóginn virðist rjett, að láta endalyktir málsins vera komnar undir eiði kæranda; þannig að treysti hún sjer til að vinna eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún á tímabilinu frá 26. desember 1921 til 15. mars 1922, en á því tímabili virðist eftir öllu, sem fram hefir komið í málinu, rjett að ætla, að barn Guðrúnar sje komið undir, hafi hún ekki haft holdlegar samfarir við neinn karlmann annan en kærða, verður að líta svo á, að kærði sje faðir barns þessa, sem hún ól 9. nóvbr. 1922 og verður þá að dæma hann til að greiða barnsfararkostnað kæranda, og meðgjöf með barninu frá fæðingu til dánardægurs, 14. nóvbr. 1922, að sínum parti, samkvæmt yfirvaldsúrskurði og í því falli verður ennfremur, að dæma hann til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

En treysti kærandi sjer ekki til að vinna svofeldan eið, skal kærði vera sýkn af kröfum kæranda í þessu máli, og greiðist þá málskostnaður af almannafje.